

**Þskj. 716 - 477. mál.**

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 - 2008

Umsögn hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps kemur fram í eftirfarandi bókunum:

Útskrift úr fundargerð 16. febrúar 2004:

**4. Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008:**

*Þingsályktunartillagan er nú send til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis.*

*Hreppsnefndin vísar til samþykktar sinnar frá 18. nóv. sl. þegar drög að áætluninni voru til umsagnar. Í aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps, sem áætlað er að taki gildi fyrir árslok, verður stefnt að frekari friðlýsingum á Víkum og Loðmundarfirði.*


Útskrift úr fundargerð 17. nóvember 2003:

**6. Skipulag/Náttúruverndaráætlun:**

- *Hreppsnefndin fellst fyrir sitt leyti á tillögu í drögum að Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008 um friðlýsingu sjaldgæfra plöntutegunda í Borgarfjarðarhreppi. Nefndin telur þetta raunhæft fyrsta skref í átt að hugsanlegum frekari friðlýsingum í sveitarfélaginu.*
- *Stefnt er að því að hefja fornleifaskráningu í hreppnum í tengslum við vinnu að aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016. Í framhaldi af fornleifaskráningunni verði leitað samstarfs við landeigendur í Víkum og Loðmundarfirði um friðlýsingu yngri búsetuminja á svæðinu.*
- *Í aðalskipulaginu verði Víkur og Loðmundarfjörður skilgreind sem útivistarsvæði með göngu- og jeppaleiðum.*  
( Þá voru ræddar hugmyndir sveitarstjóra um friðlýsingu Loðmundarfjarðar hvað varðar lausagöngu búfjár.)

Útskriftir staðfestar

Borgarfirði 17. febrúar 2004

  
Magnús Þorsteinsson sveitarstjóri